AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um heimild til veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Með orðsendingum dagsettum 10. mars 1976 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Noregs um heimild fyrir norsk skip til takmarkaðra veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Ofangreindar orðsendingar eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. mars 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjöl.

Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra Íslands.

Reykjavík, 10. mars 1976.

Herr Utenriksminister,

Jeg har den ære å henvise til drøftelser mellom representanter for våre to regjeringer, og å bekræfte den enighet som er oppnådd i følgende form:

Regjeringen i Norge og Island er i forbindelse med utvidelsen av den islandske fiskerigrense til 200 nautiske mil blitt enige om følgende praktiske ordning.

1. Efter denne avtale skal det i tiden 15. februar—1. desember gis tillatelse for ca. 45 linefartøyer av størrelse opp til 125 fot, registrert i Norge, til å drive fiske i området mellom 12 og 200 nautiske mil utenfor Islands grunnlinjer. Det kann i spesielle tilfeller også gis tillatelse for andre fartøyer til å fiske som nevnt. Partene forutsetter at det ikke vil være flere enn ca. 30 linefartøyer som driver fiske til samme tid. Islandske myndigheter skal bestemme den tillatte totalfangst, inklusive torskefangst. Tillatelse skal gis etter følgende bestemmelser:
   a. Norske myndigheter skal gi meddelelse til Islands fiskeridepartement om navn, registeringsnummer, størrelse og fører for de fartøyer det gjelder.
   b. Islands fiskeridepartment vil gi tillatelse til fiske med line og håndsnøre for de fartøyer det gjelder. Slike tillatelser gis for et tidsrom av 2—4 måneder og kan fornyes.
2. Norske fartøyer som driver fiske i henhold til ovennevnte bestemmelser skal følge samme regler som islandske fartøyer under samme slags fiske, og daglig gi melding til islandske myndigheter om deres posisjon.
3. Norske myndigheter skal hvert halvår gi Fiskifélag Íslands oppgave over fangster tatt i samsvar med bestemmelsene ovenfor.
4. Intet i denne avtale skal anses å prejudisere syn med hensyn til den innbyrdes avgrensning av deres jurisdiksjonsområder.
5. Partene kan hver for seg med 6 månedes varsel bringe denne avtale til opphør.

Dersom Deres Regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellom våre to regjeringer, som

trer midlertidig i kraft ved datoen for Deres svarbrev og trer endelig i kraft når de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfyllt.

Motta, herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Olav Lydvo.

Hans Eksellense
Utenriksminister Einar Ágústsson
Reykjavík.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til sendiherra Noregs.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. mars 1976.

Háttvirti sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. í dag, sem er á þessa leið:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Noregs og staðfesti hér með, að eftirfarandi samkomulag náðist milli fulltrúanna:

Ríkisstjórnir Íslands og Noregs hafa orðið ásáttar um eftirfarandi raunhæfa tilhögun í sambandi við útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur:

1. Samkvæmt samkomulagi þessu skal á tímabilinu 15. febrúar til 1. desember veita u. þ. b. 45 skipum, er stunda línuveiðar, allt að 125 fet að stærð, skrásettum í Noregi, leyfi til fiskveiða á svæðinu milli 12 og 200 sjómílna utan við grunnlínur umhverfis Ísland. Í sérstökum tilvikum getur einnig verið um það að ræða, að leyfi verði veitt öðrum skipum til téðra veiða. Aðiljar byggja á, að ekki séu fleiri en u. þ. b. 30 línuveiðiskip, sem stundi veiðar samtímis. Íslensk stjórnvöld munu ákveða hámarksafla, þ.á m. þorskafla. Leyfin skulu veitt í samræmi við eftirfarandi reglur:
   a. Norsk stjórnvöld skulu tilkynna íslenska sjávarútvegsráðuneytinu nafn, skráningarnúmer og stærð skips, sem óskað er veiðiheimildar fyrir, svo og nafn skipstjóra.
   b. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið veitir skipum, sem í hlut eiga, leyfi til línu- og handfæraveiða. Leyfin eru veitt til 2—4 mánaða í senn, og er heimilt að endurnýja þau.
2. Norsk skip, sem stunda veiðar samkvæmt ofangreindum ákvæðum, skulu hlíta sömu reglum sem íslensk fiskveiðiskip við sams konar veiðar, og tilkynna skulu þau íslenskum stjórnvöldum staðsetningu skipa daglega.
3. Norsk stjórnvöld skulu gefa Fiskifélagi Íslands misserislega skýrslu um veiðimagn, sem aflað er á grundvelli ofangreindra ákvæða.
4. Samkomulag þetta haggar í engu sjónarmiðum samningsaðilja varðandi mörk lögsögu milli landa þeirra.
5. Hvor aðili um sig getur fellt samkomulag þetta úr gildi með 6 mánaða fyrirvara.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu, leyfi ég mér að leggja til, að samkomulag þetta milli ríkisstjórna Íslands og Noregs gangi í gildi til bráðabirgða þann dag, er svarbréf yðar er dagsett og endanlega, þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt, að stjórnarskrárákvæðum þeirra sé fullnægt."

Ég leyfi mér að staðfesta, að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á, að orðsending yðar og þetta svar skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórn-

anna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega, þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt, að stjórnarskrárákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég nota þetta tækifæri til þess að fullvissa yður, herra sendiherra, um sérstaka virðingu mína.

Einar Ágústsson.

Hr. sendiherra Olav Lydvo,
Norska sendiráðið,
Reykjavík.

Nr. 7. 12. mars 1976.

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um réttarstöðu starfsfólks við samnorrænar stofnanir.

Samkvæmt ákvörðun Ráðherranefndar Norðurlanda 27. f. m. gekk í gildi hinn 1. mars 1976 samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu starfsfólks við samnorrænar stofnanir, frá 31. janúar 1974.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 13/1975.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. mars 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Nr. 8. 24. mars 1976.

AUGLÝSING

um niðurfellingu samnings milli Íslands og Noregs um framsal sakamanna.

Með orðsendingum norska sendiráðsins í Reykjavík dags. 15. desember 1975 og utanríkisráðuneytisins dags. 22. mars 1976 var gengið frá niðurfellingu samnings milli Íslands og Noregs um framsal sakamanna, sem gerður var í Kaupmannahöfn hinn 1. desember 1909 (Sjá Samninga Íslands við erlend ríki, II. bindi, bls. 1198—1202), en hann hefur eigi þýðingu lengur vegna hinna samræmdu laga Norðurlandanna um framsal sakamanna þeirra í milli.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. mars 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.